

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Mosfellsbæjar.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

#### 2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

#### 3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseigandi/notandi með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnsheimils. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling heimils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

### II. KAFLI

#### 4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

#### 1. Heitt vatn um rennslismæli:

A. Fyrir hvern rúmmetra vatns . . . . .	kr.	36,80
Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir:		
A. Mælir allt að $\frac{3}{4}$ tommu . . . . .	kr.	340,00
B. Mælir 1 tomma til 2 tommur . . . . .	kr.	715,00
C. Mælir 3 tommur eða stærri . . . . .	kr.	1 435,00

#### 2. Heitt vatn um hemil:

A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil . . . . .	kr.	315,00
B. Vatnsgjald . . . . .	kr.	800,00
á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu heimils, sem skiptist þannig:		
Flutningsgjald . . . . .	kr.	270,00
Vatnsgjald . . . . .	kr.	530,00

#### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

## 6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss.

(utanmál m<sup>3</sup>)

Heimæðargjald

Allt að 600 m<sup>3</sup> kr. 145 300,00

600– 2 000 m<sup>3</sup> kr. 145 300,00 fyrir 600 m<sup>3</sup> + 90,33 pr. m<sup>3</sup> þar yfir

2 000– 6 000 m<sup>3</sup> kr. 271 700,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + 78,18 pr. m<sup>3</sup> þar yfir

6 000–10 000 m<sup>3</sup> kr. 574 600,00 fyrir 6 000 m<sup>3</sup> + 68,40 pr. m<sup>3</sup> þar yfir

Meira en 10 000 m<sup>3</sup> kr. 856 100,00 fyrir 10 000 m<sup>3</sup> + 59,47 pr. m<sup>3</sup> þar yfir

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða aukalega kr. 12 121,00 fyrir hvern mæli/hemil.

## 7. gr.

Hitaveitu Mosfellsbæjar er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal skv. 3. gr. laga nr. 64/1943 auglýsa í Lögbirtingablaði gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma.

## 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1 050,00 í hvert skipti.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 202, 10. apríl 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 11. október 1989.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*